

Fimmtudaginn 2. júní 1994 kl. 14:00

30. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 13/1994.

Kvörtun Bílheima hf vegna notkunar á vörumerkinu G.M.

Samkeppnisstofnun barst erindi þann 15. júní 1993 frá Bílheimum hf þar sem því er haldið fram að G.M. bílaverkstæðið hf noti með óréttmætum hætti vörumerkið GM. Bílheimar hf telur að merkið G.M. sem G.M. bílaverkstæðið hf notar í bréfhaus og í auglýsingum varði við 25., 21. og 20. gr. laga nr. 8/1993.

Samkeppnisráð fjallaði um mál þetta á fundi 3. ágúst 1993 og komst að þeirri niðurstöðu að merki og nafn G.M. Bílaverkstæðisins hf væri nauðalíkt vörumerki GM (General Motors), sem Bílheimar hf hafa umboð fyrir, og væri til þess fallið að gefa villandi upplýsingar um eignarétt og ábyrgð merkisins. Ráðið fól Samkeppnisstofnun að koma þessum athugasemdum á framfæri við G.M. bílaverkstæðið og gerði stofnunin það með bréfi 16. ágúst 1993. Fyrirtækið hefur ekki farið að tilmælum stofnunarinnar þrátt fyrir loforð um breytingar. Þann 17. mars s.l. ritaði Samkeppnisstofnun fyrirtækinu bréf og gaf lokafrest til að gera viðeigandi ráðstafanir. Engin viðbrögð hafa borist frá fyrirtækinu við bréfinu.

Ákvörðunarorð:

"Með vísan til 25.gr. sbr. 20.gr. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51.gr. samkeppnislaga bannar Samkeppnisráð G.M. Bílaverkstæðinu hf Fosshálsi 27 Reykjavík að nota heitið og vörumerkið G M. Bannið tekur gildi við birtingu. Verði ekki farið að banni Samkeppnisráðs innan 2ja vikna frá birtingu þess leggjast á dagsektir, skv. 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem eru að lágmarki kr. 50.000, fyrir hvern dag sem bannið er brotið."